

Hinn 1. júlí 1963 falla úr gildi:

1. Lög nr. 92/1955, um laun starfsmanna ríkisins, nema:
  - a) Síðasta málsgr. 14. gr.
  - b) 25. gr. 3.—4. málsgr., 26. gr., 29. gr. og 30. gr.
2. Önnur ákvæði í lögum um kjaraatriði, er lög þessi taka til, sbr. 1. og 5. gr.

### Ákvæði til bráðabirgða.

Nú verða almennar og verulegar kauphækkanir, þar til kjaraákvæði samkvæmt lögum þessum koma til framkvæmda, og getur Bandalag starfsmanna ríkis og bæja þá krafizt launahækkunar ríkisstarfsmanna í heild. Náist ekki samkomulag aðilja innan mánaðar frá kröfugerð, fer um meðferð máls eftir ákvæðum III. og IV. kafla laga þessara að öðru en því, að samningur eða dómur Kjaradóms skal gilda frá þeim tíma, sem um semst eða Kjaradómur ákveður.

*Gjört að Bessastöðum, 28. apríl 1962.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Gunnar Thoroddsen.*

4. apríl.

Nr. 56

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 42/1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga o. fl.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Þriðja málsgrein 1. gr. laganna orðist svo:

Húsnæðismálastjórn veitir húsnæðismálastofnuninni forstöðu. Í húsnæðismálastjórn eiga sæti 5 menn kosnir hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi til 4 ára í senn. Auk þess skipar félagsmálaráðherra einn mann í húsnæðismálastjórn samkvæmt tilnefningu Landsbanka Íslands, og skal hann eigi hafa atkvæðisrétt um lánveitingar. Varamenn skulu vera jafnmargir og valdir á sama hátt. Félagsmálaráðherra skipar formann húsnæðismálastjórnar, en að öðru leyti skiptir hún með sér verkum.

#### 2. gr.

Í stað orðanna „allt að 100 milljónum króna árlega næstu 10 ár“ í 2. mgr. 4. gr. laganna komi: allt að 150 milljónum króna árlega næstu 10 ár.

#### 3. gr.

Í stað orðanna „100 þúsund krónur“ í staflið B í 1. mgr. 6. gr. laganna komi: 150 þúsund krónur.

#### 4. gr.

Fyrsta málsgrein 16. gr. laganna orðist svo:

Nú leggur sveitarfélag fram fé til íbúðabygginga í því skyni að útrýma heilsuspillandi húsnæði, annaðhvort sem óafturkræft framlag eða lán, og skal þá ríkis-

sjóður lána jafnháa upphæð á móti. Lán ríkissjóðs er bundið því skilyrði, að hið ónothæfa húsnæði sé tekið úr notkun, um leið og hið nýbyggða húsnæði er fullgert, en þó er heimilt að afgreiða til viðkomandi sveitarfélags helming lásupphæðar, þegar nýbygging er fókheld. Húsnæðismálastjórn ráðstafar lánum ríkissjóðs í þessu skyni.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### Bráðabirgðaákvæði.

Umboð núverandi stjórnar og varastjórnar húsnæðismálastofnunar ríkisins fellur niður við gildistöku laga þessara, og skal þá Alþingi kjósa menn í stjórn og varastjórn og ráðherra skipa mann í stjórnina og varamann samkvæmt lögum þessum.

*Gjört að Bessastöðum, 4. apríl 1962.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Emil Jónsson.*

## L Ö G

### um Hæstarétt Íslands.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### I. KAFLI

##### 1. gr.

Hæstiréttur Íslands er æðsti dómstóll lýðveldisins.

Hæstiréttur hefur aðsetur í Reykjavík. Þó má halda dómþing annars staðar, ef sérstaklega stendur á.

##### 2. gr.

Hæstarétt skipa fimm dómarar, og er einn þeirra forseti dómsins.

Forseti Íslands skipar dómara, en þeir kjósa sér forseta til eigi skemmri tíma en eins árs í senn og varaforseta til sama tíma.

##### 3. gr.

Synódalréttur er æðsti dómstóll í málum, sem að lögum liggja undir kirkjudóm í héraði.

Synódalrétt skipa fimm dómarar, forseti Hæstaréttar, sem formaður, tveir hæstaréttardómarar, hinir elztu að embættisaldri, og tveir guðfræðingar, er Hæstiréttur kveður til.

##### 4. gr.

Nú vikur hæstaréttardómari sæti í máli, forfallast frá störfum, fær leyfi frá störfum um stundarsakir eða sæti hans verður autt af öðrum ástæðum, og setur dómsmálaráðherra að fengnum tillögum dómsins dómara í hans stað prófessor í lögum við Háskóla Íslands, hæstaréttarlögmann eða héraðsdómara, sem fullnægir